



## Úttekt

Málsnúmer: 2022020145

Búið til: 16.02.2022

Eigandi skjals: Ástrún Eva Sívertsen

### Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:	13.01.2022	Tími ferðar:	
Fulltrúi HER:	Ástrún Eva Sívertsen/BV/RVK/IS	Fulltrúi HER sem fór með:	
Tílefni skýrslu:	Úttekt		
Fyrirtækjaflokkur:	80.1 Fræðslustarfsemi á grunnskólastigi		

### Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:		Kennitala leyfishafa:	530269-7609
Heiti leyfishafa:	Hagaskóli - Ármúli 30	Staður leyfishafa:	Ármúli 30
Hvert eftirlitsferð var farin:		Staða reiknings:	Óreikningsfært
		Númer reiknings:	

### Athugasemdir

#### Skýringar á hugtökum:

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis.

#### Athugasemdir:

Úttekt fyrir notkun á húsnæði fyrir grunnskólakennslu.

#### Hagaskóli - Ármúli 30

Heilbrigðiseftirlitið kom þann 13. janúar 2022 í úttekt með húsnæði að Ármúla 30, að beiðni Skóla og frístundasviðs (SFS) Reykjavíkurborgar, en kennsla fyrir nemendur Hagaskóla á að fara fram í húsnæðinu vegna þess að hluta af Hagaskóla var lokað vegna viðgerða rétt fyrir jól, vegna rakaskemmda. Rætt var stuttlega við Sesselju Ingibjörgu Jósefsdóttur skólustjóra Hagaskóla en síðan var sá hluti húsnæðisins sem á að nota í kennslu skoðuð í fylgd Nuno M. Morais Laranjeira skólaliða.

Húsnæðið var áður notað sem skrifstofuhúsnæði en það er ekki starfsemi í húsnæðinu núna. Um tímabundna breytingu á notkun húsnæðis er að ræða. **Sækja þarf strax um starfsleyfi vegna tímabundinnar notkunar húsinu fyrir grunnskólustarfsemi** (<https://reykjavik.is/thjonusta/starfsleyfi>). **Ábending.**

#### Húsnæði og búnaður

Húsnæðið er ekki ætlað fyrir rekstur grunnskóla og uppfyllir því ekki allar kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis hvað varðar aðstöðu og búnað (<https://goo.gl/cTxT4S>). **Ábending.**

Kennsla er hafin í húsnæðinu en vegna covid er einungis kennt til hádegis eins og er. Í húsnæðinu eiga að vera um 200 nemendur sem eru í 9. og 10 bekk.

Það þarf að tryggja aðgang nemenda að drykkjarvatni, en það eru engir vaskar inni í stofum sem eru ætlaðir fyrir kennslu. Setja á upp vatnsstöðvar á gangi fyrir framan stofur, þar sem kennsla fer fram. **Ábending.**

Starfsmenn Hagaskóla sjá um ræstingu á húsnæðinu þar sem kennsla fer fram. Sex salerni er í

húsinu fyrir nemendur og verða þau í 9 stofum. Gólfefni er parket og eru auðveld í þrifum

### Mötuneyti

Salur er á fyrstu hæð þar sem nemendur geta matast og verður matur annað hvort aðkeyptur eða sendur frá Hagaskóla, ekki verður nein eldun á staðnum. Búnaður kemur utan frá, og verður hann annað hvort einnota eða frá Hagaskóla, farið með aftur í Hagaskóla og þvegið þar. Eldhús sem er á staðnum veður ekki notað nema að litlu leyti.

### ***Minnt er á að um meðferð matvæla segir í reglugerð nr. 506/2010.***

*Matvæli sem geyma á í kæli eða framreiða köld, skal kæla svo fljótt sem auðið er og geyma við 0-4°C, þannig að hitastig kælivara haldist við 0-4°C.*

*Hitastig frystra matvæla skal vera stöðugt -18°C eða lægra.*

*Heitum réttum skal haldið við a.m.k. 60°C. Viðhalda þarf kælikeðjunni á öllum stigum framleiðslu, geymslu og dreifingar matvæla..*

Koma þarf hitastigseftirliti á og skrá niður hitastig á kælitækjum og heitum mat.

Minnt er á að starfsfólk í eldhúsi á að vera í viðeigandi fatnaði fyrir eldhús og með hárnét.

### Fyrsta hæð

Aðstaða fyrir nemendur í hléum. Á fyrstu hæð á að koma upp sjúkraaöstöðu ef skyndiveikindi koma upp. Þar er sjúkrakassi. Salerni eru á hæðinni.

### Önnur hæð

Stofur fyrir nemendur eru rúmgóðar. Salerni eru á hæðinni.

### Skólalóð

Er ekki til staðar, en að sögn verður sett upp aðstaða inni fyrir nemendur ef þau eru í götum eða í frímínútum.

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávik / ábendingar
- 3 - Frávik / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávik / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Hollustuhættir:

Matvæli:

Mengunarvarnir:

Heildareinkunn:

